

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Vagnakaskó er víðtæk kaskótrygging sem er ætluð fyrir alla eftirvagna, hvort sem það eru ferðavagnar á borð við hjólhýsi, fellihýsi, kerrur eða stærri vagnar.



Hvað er tryggt?

Tryggingin bætir tjón af völdum:

- ✓ Umferðaróhapps.
- ✓ Bruna.
- ✓ Snjóflóða eða grjóthruns úr fjallshlíð.
- ✓ Skemmdarverka.
- ✓ Hesta og nautgripa.



Hvað er ekki tryggt?

Tryggingin bætir ekki tjón:

- × Sem verða þegar ekið er þar sem akstur er óheimill vegna opinberra fyrirmæla.
- × Af völdum sandfoks.
- × Vegna sjóbleytu.
- × Tjón sem verður vegna slits eða ófullnægjandi viðhalds.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tryggingin bætir ekki tjón af völdum þjófnaðar utan Íslands.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi. Ef um árstryggingu er að ræða, gildir hún einnig á ferðalögum í Evrópu í allt að 90 daga og í nauðsynlegum flutningi á milli landa.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum, t.d að gæta þess að ökutækið sé læst þegar það er ekki í notkun og geyma lykla þess eða annan opnunarbúnað á öruggum stað.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.